

Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Fljótsdalshreppi

1. gr.

Almennt

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 4/1995 m.s.br. og 7 gr. reglug. nr. 1160/2005 er sveitarstjórnnum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta.

Sveitarstjórnnum er skylt að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

2. gr.

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni.

Forsvarsmenn menningar-, íþróttá, æskulýðs og tómstundarstarfsemi og mannúðarstarfa geta sótt um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaganna. Forsenda þess að styrkur verði veittur er að starfsemi viðkomandi félaga sé ekki rekin í ágóðaskyni.

Umsóknum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi viðkomandi félaga skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. mars ár hvert.

Sveitarstjórn tekur ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á grundvelli ofangreindra forsenda.

3. gr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar.

Fasteignaskattur af samþykktu íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, er felldur niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, samkvæmt eftirfarandi reglum: Afslátturinn er tekjutengdur og allt að kr. 70.000,- árið 2020

Rétt til niðurfellingar eiga íbúðareigendur í Fljótsdalshreppi sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.
- c) Tekjumörk:einstaklingar 2020 allt að kr.4.000.000,- fullur afsláttur. Séu tekjur þar yfir er ekki veittur afsláttur.
- d) Tekjumörk hjóna og samskattaðs sambýlisfólks árið 2020: allt að kr. 5.500.000,- fullur afsláttur, séu tekjur þar yfir er ekki veittur afsláttur.
- e) Afsláttur er veittur að teknu tilliti til allra skattskyldna tekna , þ.m.t. eigna-og fjármagnstekna.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær niðurfelldan fasteignaskatt af eigin íbúðarhúsnæði sem þau eiga lögheimili í, þó svo einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði aldurs- og/eða örorkumarka.

Sveitarstjórn endurskoðar tekjumörk og hámark afsláttar elli-og örorkulífeyrisþega árlega.

4.gr.

Bújarðir og útihús

Ekki er veitt heimild til lækkunar eða niðurfellingar af bújörðum eða útihúsum.

5. gr.

Friðuð hús

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef staðið hefur verið að endurbótum þeirra. Skilyrði er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur. Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. mars ár hvert.

Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 13.11 2019